



Borgarráð

Reykjavík, 9. janúar 2026  
USK26010132

### **Grundarhverfi Kjalarnes - Sala hluta lands**

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja Vegagerðinni um 986,7 m<sup>2</sup> sem er hluti af landi Grundarhverfis, landnúmer 221616, Kjalarnesi, Reykjavík á krónur 390.733.

#### **Greinargerð:**

Reykjavíkurborg ásamt Vegagerðinni hefur staðið í breikkun Vesturlandsvegar á hringveginum. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda. Á stærstum hluta verður veginum breytt í 2+1 veg. Jafnframt verða gerð þrjú hringtorg, veltengingum fækkað og lagðir hliðarvegir, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Vegagerðin hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg selji hluta af landi Grundarhverfis undir vegsvæði. Kaupverð í samningi er samtals 390.733 kr.- eða 395 kr. á hvern fermetra með fyrirvara um hækkun bóta fyrir hvern fermetra vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta.

Virðingarfyllt,  
Ragnheiður Sigvaldadóttir  
Skrifstofa eignastýringar  
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Undirritaður kaupsamningur og afsal af hálfu Vegagerðarinnar



**Reykjavík**

Samið hefur:  
AM Praxis ehf.  
Reynir Karlsson hrl.  
og lögg. fasteignasali  
Kirkjuteigi 21, 105 R.

## Samningur og afsal

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ, annars vegar, og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd landeigandi, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning og afsal í tengslum við breikkun Hringvegar (1) um Kjalarnes, um land Grundarhverfis landeignanúmer 221616, Reykjavík.

Nýtt landeignanúmer \_\_\_\_\_ Nýtt fasteignanúmer \_\_\_\_\_

### 1. gr.

*Land undir vegsvæði.*

Landeigandi eru þinglýstur eigandi Grundarhverfis, landeignanúmer 221616, Kjalarnesi, Reykjavík. Hann lætur af hendi land undir Hringveg og hliðarveg í landi jarðarinnar í tenglum við framkvæmdir við Hringveg um Kjalarnes. Vegsvæðið sem Vegagerðin kaupir úr landi Grundarhverfis vegsvæðis er 986,7 m<sup>2</sup>, þar af verða 903,6 m<sup>2</sup> í Grundarhverfi vegsvæði 4, sem fær landeignanúmerið 239575 og 83,1 m<sup>2</sup> í Grundarhverfi vegsvæði 5, sem fær landeignanúmerið 239576, sbr. fylgiskjal 1, mæliblað 32.442.1, Grundarhverfi vegsvæði 4 og 5, hnitsettur uppdráttur.

Breidd vegsvæðis Hringvegar er 60 metrar, þ.e. 30 metrar til hvorrar handar út frá miðlínu deiliskipulags svæðis og breidd vegsvæðis hliðarvega 30 metrar, þ.e. 15 metrar frá miðlínu þeirra til hvorrar handar.

**Heildarflatarmál lands þ.e. þinglýst vegsvæðis verður alls 986,7 m<sup>2</sup> (83,1 + 903,6).**

### 2. gr.

*Bætur fyrir land*

Svo sem að framan greinir er heildarflatarmál lands undir veg 986,7 m<sup>2</sup>. Vegagerðin greiðir því landeiganda bætur sem hér segir:

Land undir vegsvæði                      986,7 m<sup>2</sup>    @    396 kr./m<sup>2</sup>    kr. 390.733

**Samtals:**

**kr. 390.733**

Bæturnar verða inntar af hendi innan 30 daga frá þinglýsingu samnings þessa. Telst Vegagerðin þá réttur og löglegur eigandi ofangreindrar landspildu undir vegsvæði frá þeim degi. Bætur greiðast inn á reikning Reykjavíkurborgar – eignasjóðs kt. 570480-0149 nr. 0334-26-54780.

**3. gr.**

*Frágangur raskaðs lands.*

Vegagerðin mun annast frágang raskaðs lands.

**4. gr.**

*Fyrirvari vegna hækkunar bóta*

Komi til þess að aðrir landeigendur á Kjalarnesi en sá sem er aðili að samningi þessum, fái hærri bæt看ur frá Vegagerðinni vegna lagningar Hringvegar um Kjalarnes, s.s. vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta, niðurstöðu dómsstóla eða samninga við Vegagerðina, skal hækka bæt看ur samkvæmt samningi þessum í samræmi við það svo fyllsta jafnræðis sé gætt, enda sé um algerlega sambærilegar forsendur að ræða í málunum.

**5. gr.**

*Réttarfar*

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**6. gr.**

*Undirritun og þinglýsing*

Samningi þessum og afsali skal þinglýst. Vegagerðin ber allan kostnað af þinglýsingu, þ.m.t. stimpilgjöld.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök og halda aðilar einu hvor um sig en eitt eintak fer til þinglýsingar.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Reykjavík,

2025

F.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Vegagerðarinnar

Ingibjörg Guðm.

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala 220356-5239

Fylgiskjöl:

1. Mæliblað 32.442.1, Grundarhverfi vegsvæði 4 og 5, hnitsettur uppdráttur.
2. Eyðublað F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá.


FSKJ. 1

Prentað 10.06.2025

Fullgild ráðun umdæmið  
ÞÓRBJÖRN ÞÓRBJÖRNSSON  
2025.06.10 16:13:15 GMT  
Austriku Lindkvist

Umfært ráðun er nauðgi stætt fullgildu vettori  
BYGGINGARFÚLLTRÚNNI Í REYKJAVÍK  
2025.06.11 10:21:25 GMT  
Austriku Lindkvist

Fullgild ráðun umdæmið  
BRYNJAR ÞÓR JÓNÁSSON  
2025.06.11 10:01:13 GMT  
Austriku Lindkvist



Mæliblaðið byggir á:  
Deiliskipulagi fyrir Vesturhlundarveg, samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 06.06.2018,  
samþykkt í borgarráði 07.06.2018 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 06.07.2018.

Stjá eining landamerkiuppdrátt 32.442.1, Hringvegur um Kjalarnes - Grundarhverfi vegsvæði, umrin af  
Vegagerðinni, dagsættur 15.09.2021. Sá uppdráttur sýnir hnitseiningu fasteiganna 1) Grundarhverfi  
vegsvæði 1, L233219; 2) Grundarhverfi vegsvæði 2, L233220; 3) Grundarhverfi vegsvæði 3, L233221.

Reykjavík  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa þjónustu og samræksla  
Landupplýsingar 10.06.2025